

261. fundur Skólanefndar FS

9. mars 2004



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Arnar Már Halldórsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fundur í menntamálaráðuneytinu 4. mars s.l.
 2. Átak til eflingar starfsmenntunar.
 3. Önnur mál.

1. Fundur í menntamálaráðuneytinu 4. mars s.l.

Skólameistari sagði frá fundi sínum með embættismönnum í menntamálaráðuneyti vegna fjárveitinga fyrir árið 2004. Ekki hafa fengist endanleg svör við athugasemdum til ráðuneytisins vegna fjárveitinga til skólans.


2. Átak til eflingar starfsmenntunar.

Skólameistari kynnti hugmyndir um átak til að efla starfsmenntun á Suðurnesjum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Svæðisvinnumiðlun og aðila á vinnumarkaði á Suðurnesjum. Þróað yrði starfsnám fyrir atvinnulausa og færi það fram í skólanum, hjá Miðstöð símenntunar og á vinnustöðum. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með verkefnið en telja það óviðunandi að á sama tíma sé ekki búið að tryggja fjárveitingar til skólans þannig að takmarka þurfi aðgang annarra að honum.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi viðbyggingu og breytingar á eldra húsnæði. Framkvæmdir ganga vel og eru nú á áætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Reykjanesbær 3. mars 2004.

Vinnumálastofnun,
Átaksverkefni vegna atvinnuleysis.
c/o Hjálmar Árnason,

Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Svæðisvinnumiðlun á Suðurnesjum og aðilar á vinnumarkaði á Suðurnesjum óska eftir fjárframlagi frá Vinnumálastofnun til að gera átak í málefnum atvinnulausra á Suðurnesjum. Markmiðið er að auka menntun þeirra sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi með því að þróa ný námstilboð og mat á raunfærni.

Markhópurinn:

Atvinnulaust fólk á Suðurnesjum, sem þiggur atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að 50-60 manns taki þátt í verkefnunum.

1. Atvinnulaus ungmenni á aldrinum 18-22 ára, sem ekki hafa lokið framhaldsskóla.
2. Fullorðið fólk, sem vill afla sér starfsmenntunar.
3. Fullorðið fólk, sem vill afla sér formlegra starfsréttinda.

Verkefnið:

Þróuð verður ný atvinnulífstengd námsbraut á framhaldsskólastigi fyrir ungt fólk. Bóklegar greinar verða kennarar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja og starfsnám verður á vinnustöðum á Suðurnesjum. Vinnustaðanámið verður einstaklingsmiðað. Námsbrautin verður metin sem ársnám eða 30 einingar.

Þróuð verður hliðstæð atvinnulífsbraut við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum fyrir fullorðið fólk. Þeir sem ljúka þeirri braut fá metnar einingar í Fjölbrautarskóla Suðurnesja sem samsvarar einni og hálfri önn. Bóklegar greinar verða sniðnar sérstaklega að þörfum fullorðinna nemenda í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og kennsla fer fram hjá MSS. Vinnustaðanám fer fram á vinnustöðum á Suðurnesjum. Vinnustaðanámið verður einstaklingsmiðað. Reiknað er með að hanna þurfi fleiri en eitt tilboð fyrir fullorðna vegna mismunandi þekkingar og getustigs.

Fullorðnu fólki innan þessa hóps verður einnig boðið upp á forlegri verknámsleið í skóla á brautum sem taka mið af gildandi námskrá fyrir framhaldsskóla.

Þróað verður mat á raunfærni í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að meta fullorðið fólk, sem hefur áhuga á að afla sér starfsréttinda í Fjölbrautarskóla Suðurnesja. Raunfærni hinna fullorðnu verður kortlögð og staðfest og metin til styttingar á námi í iðn- og verkmenntun.

Aðferð:

Þegar námstilboðin hafa verið þróuð verða þau kynnt atvinnulausu fólki á Suðurnesjum. Þeir sem sýna tilboðunum áhuga ræða við námsráðgjafa. Í ráðgjöfinni er verkefnið kynnt, færni kortlögð og væntanlegir nemendur hvattir og studdir. Þeir sem fara í raunfærnimat fara í gegnum viðtöl og færnimat, þar sem færni þeirra er borin saman við námskrá og skoðað hvað vantar upp á að þeir geti hlotið starfsréttindi. Boðið verður upp á

einstaklingsmiðaðar lausnir eftir því sem mögulegt er. Öðrum er vísað á þau tilboð, sem kynnt hafa verið og kannað hvort þeir þurfa stuðning til að treysta sér í námið. Í vinnustaðanáminu verður þróuð vinnubók, þar sem starfsþjálfun nema á vinnustað er vottuð. Allir leiðbeinendur á vinnustöðunum verða þjálfaðir til að taka á móti nemum á sérstöku námskeiði. Skilgreindar verða leiðir til framhaldsnáms fyrir þá sem ljúka námsbrautunum, þannig að ekki verði um blindgötur að ræða.

Stýrihópur:

Verkefninu verður stjórnað af stýrihóp, sem myndaður er af samstarfsaðilunum. Hópurinn mun vinna náið með átakshópi sem komið var á laggirnar vegna átaks í málefnum atvinnulausra á Suðurnesjum. Verkefnisstjóri verður ráðinn til að halda utan um þetta verkefni.

Fjárhagsáætlun:

Umsjón verkefnis í 7 mánuði	2.500.000
Viðtöl 50 einstaklingar	300.000
Námskeið fyrir leiðbeinendur á vinnustöðum	50.000
Mat á raunfærni	300.000
Námstilboð í Fjölbrautarskólanum - kennslulaun	2.450.000
Námstilboð í MSS – tveir hópar - kennslulaun	3.050.000
Náms- og kennsluefni, vinnustaðabók	500.000
Ýmis kostnaður	100.000
Samtals	9.250.000

Sótt er um 9.250.000 til að framkvæma verkefnið.

Heildarkostnaður við verkefnið er talsvert meiri.

Framlag Fjölbrautarskóla Suðurnesja felst í þróun námsbrautar innan skólans. Ráðgjöf og aðstoð við þróun raunfærnimats vegna tveggja brauta í skólanum og öll aðstaða til kennslu.

Framlag Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum felst í þróun námsbrautar fyrir fullorðna.

Framlag Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins felst í þróun raunfærnimats til að nota í verkefninu, þjálfun ráðgjafa og þróun námskeiðs fyrir leiðbeinendur á vinnustöðum.

Framlag vinnumiðlunar eru atvinnuleysisbætur til þeirra sem taka þátt í úrræðunum, skráning og ráðgjöf.

Framlag vinnustaða eru laun starfsmanna sinna, þegar þeir taka þátt í leiðbeinendanámskeiði.

Með kveðju,

f.h. samstarfsaðila
Ólafur Jón Arnbjörnsson